



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við afhendingu
Íslensku þýðingaverðlaunanna
að Gljúfrasteini
20. febrúar 2021**

Ágætu þýðendur,
forystusveit Bandalags þýðenda og túlka,
aðrir góðir gestir.

Við hittumst á ný hér á Gljúfrasteini. Margt hefur á dagana drifið frá því að Íslensku þýðingaverðlaunin voru veitt á þessum stað fyrir rúmu ári. Þá höfðu fregnir borist frá Kína um skæða veiru en enginn hafði greinst með hana hér heima. Þá sáu fáir fyrir að þessi vághestur myndi umbylta lífi okkar allra. Einna fyrst þurftum við að finna honum íslenskt heiti. Fljótlega varð okkur tamt að tala um kórónuveiruna þótt ég minnst þess að hafa í fyrstu ritað og rætt um kórónaveiruna. En fallbeygingin er okkur töm, sú hefð er enn svo sterk. Og vissulega tölum við líka um COVID eða COVID-19, notum þannig hið formlega vísindaheiti. En þar smaug íslenskan líka á sinn hátt inn í okkar málvitund; til urðu „kóvitar“, fólk sem vildi koma því vel til skila að það vissi margt um veiruna en bjó þó sjaldnast að sérfræðipækkingu.

Ugglaut var það orð stundum notað til háðungar að ósekju en svona þróast málið áfram. Hvernig myndi maður þýða íslenska nýyrðið „kóviti“ yfir á önnur mál? Og til hvers? Skipta þýðingar máli? Skipta bókmenntir máli? Hefur ekki verið brýnast og skiptir ekki öllu máli að vinna bug á veirufjandanum? Jú, svo sannarlega þurfum við þess en gleymum ekki hinu að í þeirri farsótt, sem geisað hefur frá því að við komum síðast saman hér, höfum við fundið skjól í bókum, frumsömdum bókmenntum og þýðingum. Á Degi íslenskrar tungu í nóvember í fyrra var frá því greint að bóklestur hefði aukist í fárinu, hlustun á

hljóðbækur sömuleiðis, og hvort tveggja mætti án efa rekja til þess ástands sem við höfum þurft að búa við frá því að brugðist var til varna gegn skaðvaldinum.

Vel má vera að hvers kyns áhorf hafi einnig aukist, meðal annars hámhorf og er þar komið annað nýyrði okkar tíma. Þannig þróast málið áfram og að sjálfsögðu er vandaðra þýðinga einnig þörf í sjónvarpi, kvikmyndum og öðrum sjónrænum miðlum. Af vettvangi dagsins er því vert að minnast þess hér og nú að við hljótum að vænta þess að forsvarsmenn Disney-samsteypunnar sjái sóma sinn í því að hafa efni sitt með íslensku máli og tali í efnisveitu sinni. Þeim er það auðvelt en okkur nauðsynlegt.

Já, eigi íslensk tunga að eflast og dafna á nýrri öld verður hún að heyrast og sjást hvarvetna í mannlífinu. Í þeim efnum gegna þýðendur og túlkar mikilvægu hlutverki. Til þessa viðburðar er því boðað öðrum þræði til að minna á þá staðreynd. En hér í húsi skáldsins erum við þó ekki síst komin saman til þess að veita verðlaun og er þá komið að því að tilkynna um niðurstöður í þeim efnum.

Íslensku þýðingaverðlaunin í ár hlýtur Guðrún Hannesdóttir fyrir þýðingu sína á bókinni Dyrnar eftir hina ungversku Magda Szabó. Dimma gaf verkið út.

Í umsögn dómnefndar segir svo: „Magda Szabó fæddist í Austurísk-ungverska keisaradæminu árið 1917 og lést í Ungverjalandi 2007. Eftir hana liggja margbreytilegar ritsmíðar en frægasta verk hennar er skáldsagan Dyrnar sem kom út 1987 og hefur verið þýdd á fjölda tungumála. Sagan er sögð byggja að einhverju leyti á lífi höfundarins en aðalpersónurnar eru annars vegar virtur rithöfundur, vel menntuð og félagslynd kona sem hefur mörg járn í eldinum og svo næstum ólæs ráðskona hennar sem engum hleypir inn til sín eða nærri sér. Guðrún Hannesdóttir hefur þýtt þessa sérkennilegu bók á einstaklega blæbrigðaríkt, kjarnyrt og lífmikið mál svo haft hefur verið á orði að helst mætti ætla að sagan hafi verið skrifuð á íslensku. Samt byggir þýðing Guðrúnar á enskri verðlaunapýðingu og þótt ekki sé sjálfgefið að texti lifi af svo bugðóttan feril tekst henni að skila lesandanum ítrekuðum tilvitnunum í sögu og bókmenntir jafnframt því að fylgja eftir átökum og vináttu kvennanna tveggja þar sem fast er haldið utan um orðin og aftur af þeim, þar til allt springur.“

Ég óska Guðrúnu Hannesdóttur hjartanlega til hamingju með verðskuldaðan heiður og bið hana að taka við Íslensku þýðingaverðlaununum árið 2021.